

Ed.

834. Breytingartillögur

[146. mál]

við frv. til sjómanna laga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 6. gr. 3. másl. 1. mgr. orðist svo:

Í samningnum skal meðal annars greina:

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, heimili og nafnúmer,
 2. stöðu hans á skipinu,
 3. nafn og heimilisfang nánasta aðstandanda eða ættingja,
 4. ferð þá eða tímabil sem skipverjinn er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest sé um það samið,
 5. umsamið kaup, m. a. fyrir aukavinnu eða yfirvinnu,
 6. önnur hlunnindi.
2. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um þau störf sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra.

3. Við 18. gr. Orðin „sem er á framfæri hans“ falli brott.

4. Við 23. gr. 3. tölul. fyrri mgr. falli brott.

5. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfelld skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

6. Við 64. gr. Síðari mgr. orðist svo:

Um lágmarkshvöldartíma skipverja fer eftir ákvæðum í lögum og kjarasamningum.